

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Reykjavík, 7. september 2026
UOS2506214/K.B.B.

Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi – Kaldvík hf. Seyðisfirði

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Kaldvíkur hf. um starfsleyfi til sjókvíaeldis á þremur svæðum við Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót í Seyðisfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir sjókvíaeldi á 10.000 tonna hámarkslífmassa (þar af að hámarki 6.500 tonn af frjóum laxi). Starfsleyfið byggir m.a. á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar stofnunarinnar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 7. september 2042. Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess. Við gildistöku starfsleyfisins falla úr gildi áður útgefin leyfi Kaldvíkur hf. (áður Fiskeldi Austfjarða hf.) við Háubakka og Sörlastaðavík í Seyðisfirði, útgefin 7. nóvember 2012 og markaður gildistími til 7. nóvember 2026.

Virðingarfyllst,

Gestur Pétursson

Forstjóri

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymisstjóri